



Langanesbyggð leitar eftir áhugasömum kennurum

Í Grunnskóla Þórshafnar eru um 70 nemendur í hæfilega stórum bekkjardeildum. Starfsemi skólans einkennist af kraftmiklu og framsæknu skólastarfi. Samhliða skólanum er rekinn tónlistarskóli og hefð er fyrir öflugum íþróttastarfi fyrir alla aldurshópa skólans.

Langanesbyggð er öflugt og vaxandi sveitarfélag með spennandi framtíðarmöguleika. Á Þórshöfn búa um 400 manns í fjölskylduvænu umhverfi. Gott íbúðarhúsnæði er til staðar og öll almenn þjónusta er á Þórshöfn. Mikil uppbygging er framundan með byggingu nýs leikskóla með tengingu við Grunnskólann.

Á Þórshöfn er íþróttahús og innisundlaug. Ungemnnafélag Langanesbyggðar stendur fyrir öflugum íþróttastarfi. Í þorpinu er mikið og fjölbreytt félagslíf. Samgöngur eru góðar, m.a. flug fimm daga vikunnar til Reykjavíkur um Akureyri. Í næsta nágrenni eru margar helstu náttúruperlur landsins og ótal spennandi útivistarmöguleikar, s.s. fallegar gönguleiðir, stang- og skotveiði.

Langanesbyggð leitar að fólki á öllum aldri, af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu. Í samræmi við jafnréttisáætlun Langanesbyggðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf hjá sveitarfélaginu.



Grunnskólinn á Þórshöfn og Tónlistarskóli Langanesbyggðar óska eftir sérkennara og kennurum til starfa við skólann næsta skólaár

Við óskum eftir áhugasömum kennurum sem eru skapandi í starfi. Við leitum að fólki með margþætta reynslu, afbragðs félagsfærni og hefur mikinn áhuga á fjölbreyttum kennsluháttum og skólaþróun.

Í boði eru fjölbreytt viðfangsefni, þar sem hæfileikar og frumkvæði kennarans fá notið sín. Okkur vantar **sérkennara**, almenna bekkjarkennara, list og verkgreinakennara, íþróttakennara og tónlistarkennara við Tónlistarskólann okkar, sem er deild innan Grunnskólans.

Við leitum að **sérkennara** sem hefur áhuga á því að móta faglega stefnu sérkennslunnar við skólann sem byggir á hugmyndafræði hins einstaklingsmiðaða náms og virkri þátttöku allra í skólastarfinu.

Starfsfólk Grunnskólans á Þórshöfn hefur tekið virkan þátt í þróunarstarfi á síðustu árum þar sem lögð hefur verið áhersla á þróun fjölbreyttra kennsluhátta, teymisvinnu og á aukna lýðræðislega þátttöku nemenda í skólastarfinu. Skólinn er framsækinn í námsmati og starf hans eflist ár frá ári. Framundan er áframhaldandi spennandi skólaþróun. Á vef skólans; grunnskolin.com má kynna sér allt það helsta sem snertir skólastarfið, skólastefnu Langanesbyggðar og námskrá skólans.

Á Þórshöfn er blómstrandi mannlíf, mikil náttúrufegurð, öflugt íþrótt- og félagsstarf fyrir alla þá sem vilja verða hluti af fjölbreyttri mannlífsflóru norðlensks sjávarþorps.

Umsóknarfrestur er til 18. apríl og skulu umsóknir sendar rafrænt á netfangið skolastjori@thorshafnarskoli.is.

Við hlökkum til að heyra frá þér!

Tónlistarskóli Langanesbyggðar

Við óskum eftir áhugasömum tónlistarkennara til starfa sem einnig er tilbúinn til að vinna á margvíslegan hátt að eflingu tónlistarlífs í byggðarlaginu.

Alls eru um 30 nemendur sem stunda nám við skólann á ýmis hljóðfæri; gítar, píanó, blásturshljóðfæri ýmis konar ásamt fleiri hljóðfærum. Kennslan fer fram á Þórshöfn og einn dag vikunnar er kennt á Bakkafirði. Tónlistarskólinn á í góðu samstarfi við grunnskóla byggðarlagsins.

Laun fara eftir kjarasamningum.

Allar frekari upplýsingar veitir skólastjóri

Ingveldur Eiríksdóttir í síma 4681164 eða 8526264.